

Síra Kjartan Helgason og próf. Haraldur Nielsson

Síra Kjartan heitinn Helgason í Hruna, sagði mér eitthvert sinn frá því, að á fundi, sem próf. Haraldur Nielsson og Einar H. Kvaran héldu með hinum merkilega miðli Indriða Indriðasyni, og hann var viðstaddur, hefði talað fyrir munn miðilsins Jónas Hallgrímsson; og er síra Kjartan spurði eitt hvað um samlif þeirra Bjarna Thorarensen eftir dauðann, hefði Jónas sagt, að hann ætti heima á annari stjörnu en Bjarni. Af ástæðum, sem ekki þarf að útskýra fyrir þeim, sem eitthvað þekkja til ritgerða minna, þótti mér þetta mjög merkilegt, og vakti eg máls á því við próf. Harald, hvort ekki mundi mega fá nánari fréttir af þessu. En Haraldur sagði þá, að þetta væri tilhæfulaust, Jónas Hallgrímsson hefði að visu talað á fundum hjá þeim, en aldrei sagt, að hann ætti heima á jarðstjörnu. Þetta þótti mér býsna undarlegt, því að vitanlega þurfti ekki að láta sér koma til hugar, að maður eins og síra Kjartan væri að skrökva en málið þannig vaxið, að það, er mjög ólíklegt, að hann gæti mismint um það. Virðist mér sem skýringin á þessu muni helst vera sú, að þetta hafi far-

ið fram hjá próf. Harald, en hann virtist, einsog mjög margir, eða jafnvel flestir andhyggjumenn (spiritistar), eru ennþá, mjög frábitinn þeim skilningi, að framlífið sé líkamlegt og á öðrum jarðstjörnum.

Það er ekki óhugsandi að línur þessar gætu náð til einhvers sem viðstaddur hefði verið fund þenna, sem síra Kjartan sagði mér frá, og gæti því eittvað lagt til þessa máls.

Hugmyndin um lífið á stjörnunum hefir átt mjög erfitt uppdráttar, einsog ekki er að furða, og mun eg síðar bæta við það, sem eg hefi þegar ritað um sögu þessa merkilega máls. Flest það sem eg hefi skrifað í Lundúnavikuritið Light síðan 1925, hefir miðað að því að reyna til að vekja menn til skilnings á því, hvers eðlis lífið eftir dauðann — eða framlífið — er, og á þýðingu þess skilnings; en undirtektir hafa verið daufar. Á þessu er þó nú að verða mjög merkileg breyting. Og þegar eg las í Light 19. jan. bréf frá ágætri konu með fyrirsögninni „Life in the stars“ (líf á stjörnunum) varð mér nokkuð líkt við og eg liti fyrstu geisla risandi sólar. En af sólaruppkomu þessari, sem gæti boðað svo fagran dag, mun eg segja nánar í annari grein.

29. jan. '39

Helgi Pjetursson

Útgerð

16. 2. 1939